



**Ræða forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í kvöldverði til heiðurs forseta Ítalíu
Oscar Luigi Scalfaro
22. júní 1997**

Heiðraði forseti, Oscar Luigi Scalfaro.
Virðulegu gestir.

Það er okkur hjónunum sérstök ánægja að fagna forseta Ítalíu og föruneyti hans hér á Bessastöðum.

Frá upphafi Íslandsbyggðar hafa Bessastaðir verið höfuðból í sögu þjóðarinnar. Hér reistu víkingar langelda og orðsnillingurinn Snorri Sturluson, höfundur sagnabálka um norræna guði, konunga á norðurslóðum og íslenska bændur, fór hér með búforráð.

Í upphafi 19. aldar var í Bessastaðastofu helsti skóli Íslands, uppspretta hugmynda um sjálfstæði þjóðarinnar og lýðræðislegan rétt. Umræða skólasveina var ydduð með þýðingum lærimeistaranna á gullaldarþáttum Rómverja, latneskum arfi sem varð í íslenskri útgáfu hvatning til að tvinnna saman eðalkosti fornlýðveldisins í Róm og þjóðveldis Íslendinga á Þingvöllum, klettsal Alþingis sem þér munuð heimsækja á morgun.

Saga Íslands og Ítalíu hefur um aldir verið samofin. Löndin tvö á nyrstu og syðstu mörkum álfunnar sýna að menning Evrópu myndar samfellda heild.

Þegar mannkyn fagnar senn nýju árþúsundi munum við Íslendingar einnig halda hátíðleg tvenn þúsundára afmæli.

Árið 1000 var kristni lögtekin á Þingvöllum og boðskapurinn frá Róm varð síðan um aldir áhrifaafli í sögu Íslendinga. Hin nýja trú var lögleidd á Alþingi með umræðum og lýðræðislegri dómgreind. Víða um lönd kostaði kristnitaka hins vegar styrjaldir og lífsfórnir

þúsunda. Hér á Íslandi var hún staðfesting á styrk laga og þingræðislegrar hefðar.

Árið 2000 munum við einnig minnst þess að 1000 ár verða þá liðin frá siglingu Íslendingins Leifs Eiríkssonar vestur um haf og fundar álfu sem hann nefndi Vínland en síðar hlaut heitið Ameríka.

Ásamt síðari manni sínum, Þorfinni karlsefni, sigldi mágkona Leifs, Guðríður Þorbjarnardóttir knerri sínum í kjölfarið. Ól hún í álfunni nýju soninn Snorra, fyrsta Evrópubúann sem fæddist í Ameríku.

Guðríður Þorbjarnardóttir var einstök í veraldarsögunni. Að lokinni vesturför gekk hún til Rómar og er því í senn móðir fyrsta Evrópubarnsins í Ameríku og fyrsta konan sem sögur fara af að gist hafi bæði Ameríku og Róm.

Forn íslensk skinnhandrit sem þér, herra forseti, munuð skoða í heimsókn yðar, varðveita þessar frásagnir vel og greinilega.

Á síðari öldum hefur saltfiskurinn sem áður fyrr var táknmynd í skjaldarmerki Íslands verið helsta útflutningsvara okkar til Ítalíu, framlag þjóðar minnar til föstuhalds Ítala og rómverskra matargerðar.

Fremsti rithöfundur Íslendinga á þessari öld, Nóbelskaldið Halldór Kiljan Laxness, kom fyrir 72 árum í sama mánuði og þér eruð hér nú til Taormina á Sikiley og skrifaði þar með eldmóði fyrstu nútímaskáldsögu íslenskra bókmennta, Vefarann mikla frá Kasmír. Í vor var svo frumsýnd fyrsta leikgerð þessarar ólgandi skáldsögu á afmælishátíð Leikfélags Akureyrar. Textinn frá heitu sumri Sikileyjar var glæddur nýju lífi á leikfjölum í norðlenskum menningarbæ.

Íslenskir söngvarar, tónlistarfólk og málarar hafa á okkar tíð sótt þjálfun, innblástur og endurnýjun til ítalskra snillinga og lærimeistara. Stundum tekst okkur Íslendingum að reiða fram endurgjald. Helsti óperusöngvari okkar, grandtenórinn Kristján Jóhannsson, hefur um árabíl verið heimamaður í óperuhúsum Ítalíu og margir aðrir söngvarar okkar hafa auðgað tónlistarlífið í heimalandi yðar.

Þannig mætti lengi rekja samfylgd þjóða okkar að fornu og nýju. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa Íslendingar og Ítalir ásamt

öðrum þjóðum í Evrópu leitast við að festa í sessi lýðræði og mannréttindi í álfunni, þróa efnahagslíf og skapa öryggi og frið.

Þótt við Íslendingar kjósum að vera utan Evrópusambandsins höfum við með virkum hætti áratugum saman tekið þátt í þróun Evrópu og verður svo enn á nýrri öld.

Við erum stolt af því að hafa verið stofnríki Evrópuráðsins. Á þeim vettvangi hafa nú um 40 Evrópuríki skuldbundið sig til að virða helgustu réttindi í lýðræðislegu samfélagi og þróa samvinnu á sviði félagsmála og menningar.

Evrópusambandið er vissulega öflugur aðili í efnahagslífi álfunnar en vert er að hafa í huga að í Evrópusambandinu er aðeins tæpur helmingur þeirra ríkja sem með formlegri samvinnu innan vébanda Evrópuráðsins hafa skuldbundið sig til að skapa nýja Evrópu, Evrópu lýðræðis og mannréttinda.

Við Íslendingar metum mikils traust viðskiptatengsl okkar við Evrópusambandið og höfum kappkostað að nýta tækifæri Evrópska efnahagssvæðisins sem EFTA-ríkin og Evrópusambandið lögfestu í upphafi þessa áratugar.

Leyfist mér, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að framganga Íslands á vettvangi Evrópu undanfarna áratugi er fróðlegt dæmi um mikilvægi hinna smærri lýðræðisríkja í álfunni.

Með þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, aðild að ÖSE og tengslum við Vestur-Evrópusambandið hafa Íslendingar tekið virkan þátt í varðveislu öryggis og friðar í álfunni.

Á örlagastundu í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsríkjanna tók Ísland ásamt norrænum frændþjóðum frumkvæði að því að viðurkenna rétt Eystrasaltsríkjanna til fullveldis. Á þeim tímamótum kusu mörg hinna stærri ríkja að sitja hjá og bíða. Norrænt frumkvæði réð hins vegar úrslitum.

Réttur hinna smærri nýfrjálsu ríkja í Evrópu er prófsteinn á varanleika og siðferðilegan styrk þeirrar nýju öryggisskipunar sem stofnþjóðir Atlandshafsbandalagsins hafa nú tekið forystu um að móta. Á slíkum vegamótum spyrjum við Íslendingar enn um afstöðu

Eystrasaltsríkjanna og áréttum á ný rétt hinna smærri til öryggis, friðar og lýðræðis.

Við treystum því að bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu, samstarfsþjóðir okkar í Evrópuráðinu og aðildarríki að öðrum Evrópusamtökum virði og skilji þau sjónarmið.

Við metum mikils viðræður við forystumenn í málefnum álfunnar og þess vegna fögnum við sérstaklega heimsókn yðar, herra forseti, til Íslands.

Í ljósi trúnaðarstarfa yðar í ítölskum stjórnámálum, setu á þingi og í ríkisstjórnnum, menntunar yðar og langrar reynslu af alþjóðamálum og Evrópusamstarfi hafið þér ríkan skilning á þeim sjónarmiðum sem ég hef hér lýst.

Ísland og Ítalía eru útverðir Evrópu í norðri og suðri. Við vonum að heimsókn yðar verði til að treysta enn aldagömul bönd þjóða okkar og styrkja samfylgd okkar við að vernda lýðræði og mannréttindi, frið og öryggi um álfuna alla.

Ég bið yður, virðulegir gestir, að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Ítalíu, Oscar Luigi Scalfaro, og til heilla vináttu og samvinnu Íslendinga og Ítala.